

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/50/EB

frá 6. júní 2002

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 1999/36/EB um færanlegan þrýstibúnað

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/2/EB ⁽²⁾ var vottunaraðferðunum, sem kveðið var á um í tilskipun 1999/36/EB, breytt að því er varðar hvaða aðferðareiningar skuli notaðar við samræmismat á nýjum geymum og nýjum tönkum.
- 2) Þessum aðferðareiningum ber að breyta til að tryggja betra samræmi milli þeirra.
- 3) Breyta ber IV. viðauka við tilskipun 1999/36/EB til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í fyrsta málslið 1. liðar, í þriðja undirlið annarrar undirgreinar liðar 3.1. og í fyrstu undirgrein liðar 3.2 í aðferðareiningu D í I. hluta VI. viðauka komi orðin „EB-gerðarprófunarvottorðinu eða EB-hönnunarprófunarvottorðinu“ í stað orðsins „EB-gerðarprófunarvottorðinu“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júní 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti⁽¹⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.⁽²⁾ Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 4.